

SAMPYKKT**um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit í Norðurlandi vestra,
sbr. 5. gr. 3. tl. laga nr. 81/1988.**

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Fyrir ný rekstrarleyfi skv. 36. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1982 skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs sem hér greinir:

	kr.
1. flokkur	1 200
2. flokkur	1 200
3. flokkur	2 160
4. flokkur	4 320
5. flokkur	6 480
6. flokkur	8 640

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tl. 2. gr. og 3. gr. laga nr. 81/1988, skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

	kr.
1. flokkur	1 800
2. flokkur	3 600
3. flokkur	7 200
4. flokkur	14 400
5. flokkur	28 800
6. flokkur	43 200

3. gr.

6. gr. orðist svo:

Fyrir hvert vottorð sem heilbrigðiseftirlitið lætur í té greiðast kr. 900.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á eftirlitssvæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra sbr. 5. gr. 3. tl. laga nr. 81/1988 öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá með sama heiti nr. 56/1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.